**Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur**
**Skólaárið 2023 – 2024**

**Kennari:** Særún Rósa Ástþórsdóttir
**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku (3 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | Nemandi geti<br>• flutt mál sitt skýrt og áheyrilega,<br>• tekið virkan þátt í samvinnu og samræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,<br>•notað upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar,<br>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.<br>• nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt | Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.<br><br>Unnið með hlustunar- og lesskilning með verkefnum tengdu sjónvarpsefni/myndböndum og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða.<br><br>Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.<br><br>Kynning á kjörbók sem nemandi las, kynning á hópverkefnum. | Þátttaka í umræðum og tímavinnu.<br><br>Stutt ræða, flutningur á texta, ljóði eða óbundnum texta, kynning á verkefni í Bræðingi.<br><br>Kynning á kjörbók. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lestur og bókmenntir** | Nemandi geti<br>• valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi<br>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi<br>• greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur<br>• lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta<br>• beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði.<br>• skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi | Lesnar verða Laxdæla og Akam, ég og Annika í lotum í Bræðingi.<br>Lesnir fjölbreyttir textar (Með fjaðrabliki) og unnið með bókmenntahugtök og stílbrögð í verkefnum.<br>Lesskilningur efldur með markvissum æfingum og textum úr bókinni Útbrot.<br>Nemendur lesa ýmiss konar ljóð, m.a. úr Með fjaðrabliki, fá þjálfun í beitingu hugtaka í bragfræði og myndmáli.<br>Sögur og ljóð lesin fyrir nemendur.<br>Valbókarverkefni að hausti; nemendur lesa bók sem valin er í samráði við kennara.<br>Spurningakönnunin Hvernig lesari er ég? lögð fyrir nemendur, umræða um bókaval nemenda í frjálsbókalestri. | Verkefni og ritgerðir úr bókmenntum.<br>Lesskilningskannanir.<br>Lesfimipróf.<br>Kjörbókarritgerð á haustönn.<br>Laxdæla og Akam, ég ... einkunn úr lotu í Bræðingi, fjölbreytt verkefni.<br>Þátttaka og virkni í tímum metin út frá ástundunarskráningum.<br>Orðaverkefni<br>Ljóð um ljósmynd<br>Frumsamið ljóð með rími |
| **Ritun** | Nemandi geti<br>• skrifað skýrt og greinilega, beitt ritvinnslu af öryggi, gengið frá texta og vísað til heimilda<br>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar, | Unnið með fimm meginreglur í ritun; efnisgreinar, lengd málsgreina, notkun hástafa, yfirlestur og uppsetning.<br>Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð.<br>Nemendur prófa sig áfram við skapandi skrif með ritun ýmiss konar texta og textagerða.<br>Unnið eftir leiðbeiningum um uppsetningu ritgerða. | Ritunarverkefni metin til einkunnar.<br>Kjörbókarritgerð að hausti.<br>Heimildaritun að vori. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli,<br>• beitt reglum um réttritun<br>• valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu | Nemendur afla upplýsinga um ákveðið málefni, segja frá með eigin orðum og vísa í heimild með vefslóð.<br>Nemendur nýta vefforritið skramba við réttritun og yfirlestur. | |
| **Málfræði** | Nemandi geti<br>• beitt helstu málfræðihugtökum,<br>• valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann<br>• flett upp í rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna<br>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka, | Einkenni og hlutverk orðflokka.<br>Unnið með orðtök og málshætti, áhersla á sagnorð og smáorðaflokkana. | Verkefni og málfræðikannanir.<br>Verkefni og gagnvirkar æfingar á netinu.<br>Orð dagsins valið og rætt. |

**Námsgögn:**
Laxdæla, Akam, ég og Annika, Með fjaðrabliki, Útbrot, Málið í mark (sagnorð+smáorð), valbækur. Málvísir, Hugfinnur, kvikmyndir/þættir, ritunaræfingar og verkefni frá kennara.

**Lokanámsmat:**
Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstarfsein kunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.